

➤ Og hann þarf ekki að fara úr að ofan til að ná athygli áhorfandans 44



Sönglög Pórunn Elfa Stefánsdóttir og Guðjón Halldór Óskarsson.

Bandarísk sönglög á Stokkalæk

Pórunn Elfa Stefánsdóttir í Selinu

Á sunnudag kl. 16:00 heldur Pórunn Elfa Stefánsdóttir söngkona tónleika í Selinu á Stokkalæk. Guðjón Halldór Óskarsson leikur undir á píanó.

Á efnisskránni eru bandarísk sönglög, sum vel þekkt en önnur tiltölulega ný. Um er að ræða þjóðlög, djassballöður og swing ásamt fjölda söngleikjalaga sem sum hver eru úr nýlegum Broadway-söngleikjum.

Pórunn Elfa lauk burtfararprófi frá Söngskólanum í Reykjavík 2001 og söngkennararprófi 2005 undir handleiðslu Dóru Reyndal og Signýjar Sæmundsdóttur. Hún hefur stundað framhaldsnám í Þýskalandi, Austurríki og Bandaríkjunum og lauk mastersprófi frá Westminster Choir College í New Jersey fylki 2008.

Þau Pórunn Elfa og Guðjón Halldór kenna bæði við Tónlistarskóla Rangæinga en hann er að auki organisti og kórstjóri.

Tónlist Tónleikar Kórs Langholtskirkju

Kór Langholtskirkju frumflytur nýtt verk eftir Mist Þorkelsdóttur á tónleikum í Langholtskirkju sunnudaginn 8. maí kl. 20. Verkið er um fimmtán mínútur í flutningi og samið með styrk frá Musica Nova.

Ásamt Kór Langholtskirkju syngur Gradualekór Langholtskirkju í verkinu og tveir einsöngvarar. Einnig flytur kórin Te Deum fyrir kór, einsöngvara og kammersveit eftir Marc-Antonie Charpentier. Einsöngvarar koma úr röðum kór-félaga. Kammersveit leikur með og konsertmeistarari er Júlíana Elín Kjartansdóttir. Stjórnandi er Jón Stefánsson.



Mist Þorkelsdóttir

Tónlist KK og Kórar Nes-kirkju á tónleikum

Á sunnudag flytja Kristján „KK“ Kristjánsson, Kór Nes-kirkju og Stúlknakór Nes-kirkju nokkur þekkt lög Kristján á tónleikum í Nes-kirkju. Tónleikarnir hefjast kl. 20:00 og miðar verða seldir við inn-gang.

Steingrímur Þórhallsson, organisti Nes-kirkju, stýrir tónleikunum, en hann útsetti jafnframt um helming laganna.

Á efnisskránni verða m.a. lög Á æðruleysinu, Ég fann ást, Álfablokkinn, Englar himins og When I Think of Angels.

Auk KK leika Þorsteinn Einarsson á gítar og Sölvi Kristjánsson á bassa.



Kristján Kristjánsson

Tónlist Lög Jóns Múla og Jónasar í Salnum

Efnt verður til tónleika í Salnum á sunnudag þar sem ýmsir listamenn flytja lög Jóns Múla og Jónasar Árnasona. Þetta eru endurtekinn tónleikar sem haldnir voru í Salnum 31. mars síðastliðinn, á níræðisafmælisdegi Jóns Múla, en þá komust mun færri að en vildu.

Söngvararnir eru Ragnar Bjarnason, Ellen Kristjánsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Magga Stína, Ómar Ragnarsson og systurnar Sigríður, Elísabet og Elín Eyþórsdætur ásamt föður sínum, Eyþóri Gunnarssyni. Hljómsveitina skipa Eyþór, Óskar Guðjónsson, Scott MacLemore og Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson.



Jón Múli Árnason

Hestar á Kjarvalsstöðum

● Túlkun íslenskra listamanna á tengslum manns og hests í rúma öld

Helgi Snær Sigurðsson
helgisnaer@mbl.is

Íslenski hesturinn er viðfangsefni myndlistarsýningarinnar Jór! sem opnuð verður í dag í Listasafni Reykjavíkur, Kjarvalsstöðum, kl. 16. Við opnunina mun úrvalshópur ungmenna í hestamennsku koma ríðandi í hlað Kjarvalsstaða og standa heiðursvörð þegar gesti ber að garði. Sýningarstjóri er Aðalsteinn Ingólfsson og valdi hann á sýninguna verk frá ólíkum tímabilum íslenskrar myndlistarsögu, yfir 60 talsins. Sýningunni er skipt í þrjú þemu: „Parfasta þjóninn“ sem snýr að hversdagslegum samskiptum manns og hests; „Holdgaðan storm“ þar sem hesturinn og náttúran er viðfangsefni og „Hesta með vængi“ sem snýr að hinum goðsagnalega hesti. Verkin spanna rúma öld, það elsta er frá árinu 1900 og það yngsta frá því í fyrra.

Bláðamaður ræddi við Aðalstein í gær og spurði hann fyrst af hverju upphrópunarmerki væri í sýningartitlinum. „Þetta er nú eiginlega



Aðalsteinn Ingólfsson

„Já, og gera þetta sýnilegt þannig að fólk muni eftir þessu.“

Frjálsar hendur

Aðalsteinn segir Hafþór Yngvason, safnstjóra Listasafns Reykjavíkur, hafa átt hugmyndina að sýningunni og hluti af henni hafi verið að vikka aðráttarafi sýninga, opna þær fyrir nýjum hópum. „Ég fékk alveg frjálsar hendur með það hvernig ég myndi velja þetta og ég ákvað að finna verk alveg frá byrjun íslenskrar málalistar, Þórarín B. Þorláksson. Að vísu gefum við út vandaða bók þar sem ég rek forsöguna líka og þar er myndefni úr handritum og gömlum tréskurði o.s.frv. og kveðskapur sem tengist hestinum. En sýningin sjálf er málverk, höggmyndir og verk unnin með blandaðri tækni, að mestu leyti frá 20. öld,“ segir Aðalsteinn. Yngsta verkið sé aðeins nokkurra mánaða gamalt en það elsta frá árinu 1900, málverk af manni á hesti eftir Þór-

svoltill brandari, það er verið að leika sér með þetta gamla orð, „jór“, og svo þessa upphrópun krakkanna, „jó!“,“ segir Aðalsteinn og hlær. – Aðeins verið að poppa þetta upp?



Birt með leyfi Listasafns Reykjavíkur

Rauður Málverk eftir Stefán frá Möðrudal, Rauður hestur, frá árinu 1977.

arin B. Þorláksson.


Aðalsteinn segir að hluti íslenskrar myndlistarsögu endurspeglar óhjákvæmilega í sýningunni, þar sem verkin spanni rúma öld. Meðal verka á sýningunni er málverk eftir Hallgrím Helgason sem ekki hefur sést opinberlega áður, „Guð á Sæbrautinni“, frá árinu 2006. Á því sést maður í hestakerru bíða á umferðarljósum á Sæbrautinni. Fleiri verk á sýningunni hafa ekki sést áður opinberlega, m.a. verk eftir Gunlaug Scheving og Jóhannes Kjarval.

– Þetta hlýtur að hafa verið mikið verk fyrir þig, af nógu að taka?

„Hesturinn er sínálægur í myndlistinni framan af en maður veit nokk hverjir eru aðalmálararnir, leitar fanga hjá þeim og síðan fækkar þessum myndum þegar nær dregur, hesturinn er einfaldlega ekki eins miðlægur í nýrri myndlist eins og hann var. Ef þú ert vel skipulagður og hefur aðgang að góðum heimildum þá er þetta kannski ekki svo ofboðslega mikil vinna.“

Á morgun kl. 15 mun Aðalsteinn ásamt Gísla B. Björnssyni, hönnuði og höfundu bókarinnar Íslenski hesturinn, veita leiðsögn um sýninguna. Sýningin stendur til 21. ágúst

ÍSLENSKA ÓPERAN KVEÐUR GAMLA BÍÓ OPIÐ HÚS



Í GAMLA BÍÓI
Í DAG KL. 13–15

í tilefni flutninga
Íslensku óperunnar í tónlistarhúsið Hörpu

Gestum velkomið að skoða húsið
Kaffi á boðstólum í græna herberginu
Búningamátun

Leikskrár, plaköt og myndbönd úr
sýningum Íslensku óperunnar til sölu á vægu verði

Allir velunnarar óperunnar og aðrir áhugasamir
hjartanlega velkomnir!



ÍSLENSKA ÓPERAN

STYRKUR TIL TÓNLISTARNÁMS

Minningarsjóður um Jean Pierre Jacquillat mun á þessu ári veita tónlistarfólki styrk til frambaldsnáms erlendis á næsta skólaári 2011-2012.

Veittur er styrkur að upphæð kr. 600.000.


Umsóknir, með upplýsingum um námsferil og
framfararform, sendist fyrir 31. maí nk.
til formanns sjóðsins:

Arnar Jóhannssonar,
pósthólf 8620,
128 Reykjavík.

Umsóknum fylgi hljóðritanir, raddskrár frumsaminnar
verka og/eda önnur gögn sem sýna hæfni umsækjenda.

Óperu- draugur

Ópera Skaga-fjarðar og Draumaraddir norðursins sýna Óperudrauginn í Tjarnarbíói í kvöld kl. 20:00. Verkið er í nýrri leikgerð Guðrúnar Ásmundsdóttur. Margrét Ákadóttir leikur



Alexandra Chernyshova

konu sem rótar í leikmunum á háalofti í Convent Garden í Lundúnum þegar henni birtist óperudraugur, sem Michael Jón Clarke syngur, en ástkonu hans leikur Alexandra Chernyshova. Í öðrum hlutverkum eru Ívar Helgason, Dagrún Ísabella Leifsdóttir, Snorri Snorrason, Gunnar Björn Jónsson, Sonja Hafsteinsdóttir, Inga Margrét Jónsdóttir, Helgi Thorarensen og Kristín Lundberg. Einnig syngja Draumaraddir norðursins og kór Óperu Skagafjarðar. Hljóðfærleik annast Risto Laur, Kaldó Kiis, Rodrigo Lopez og Matti Saarinen.